

## Svar

**ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra við fyrirspurn  
frá Elsu Láru Arnardóttur um þróun ferðaþjónustu.**

1. *Hver er fjöldi fyrirtækja á Íslandi núna sem býður upp á gistingu, hver var fjöldinn fyrir 10 árum og fyrir 20 árum?*

Upplýsingar miðast við heildarfjölda gististaða á landinu öllu og allar tegundir gistingu í júlí árin 1998, 2008 og 2016 samkvæmt vef Hagstofu Íslands.

Ár	Fjöldi
1998	653
2008	696
2016	1.089

2. *Hver er fjöldi fyrirtækja á Íslandi núna sem býður upp á afþreyingu tengda ferðaþjónustu, hver var fjöldinn fyrir 10 árum og fyrir 20 árum?*

Allir sem bjóða upp á skipulagðar ferðir þurfa til þess leyfi frá Ferðamálastofu og miðast svarið því við þá sem hafa slík leyfi. Önnur afþreying í ferðaþjónustu er margs konar, svo sem sund, golfvellir, söfn o.fl.

Ár	Fjöldi
1997	Upplýsingar liggja ekki fyrir
2007	150
2017	1.348

3. *Hver er fjöldi bílaleiga á Íslandi núna, hver var fjöldinn fyrir 10 árum og fyrir 20 árum?*

Upplýsingar miðast við fjölda bílaleiga í gagnagrunni Ferðamálastofu.<sup>1</sup>

Ár	Fjöldi
1997	33
2007	56
2017	131

4. *Hver er fjöldi rútuþyrirtækja á Íslandi núna, hver var fjöldinn fyrir 10 árum og fyrir 20 árum?*

Samkvæmt gagnagrunni Ferðamálastofu voru 15 skráðir með leyfi til að bjóða upp á leigu á hópferðabifreiðum árið 1997. Tíu árum síðar eru skráðir hópferðaleyfishafar samkvæmt vef Vegagerðarinnar 366 talsins. Nú er það Umferðarstofa sem heldur utan um hópferðaleyfi og

<sup>1</sup> Samkvæmt skrá Umferðarstofu eru ökutækjaleigur 152 í maí 2017. Gera má ráð fyrir að nokkur fjöldi sé ekki með starfsemi sem beinist að ferðamönnum og því væntanlega nákvæmara að miða við gagnagrunn Ferðamálastofu.

í maí 2017 var 601 skráður með rekstrarleyfi til fólksflutninga í samræmi við lög nr. 73/2001, um fólksflutninga og farmflutninga á landi, þ.e. leyfi til þeirra sem aka með fólk gegn gjaldi á bifreið sem gerð er fyrir níu farþega eða fleiri. Vegna breytra skilgreininga og þróunar leyfismála er erfitt að svara spurningunni með afgerandi hætti.

5. *Hver er fjöldi ferðaskrifstofa á Íslandi núna, hver var fjöldinn fyrir 10 árum og fyrir 20 árum?*

Ár	Fjöldi
1997	Upplýsingar liggja ekki fyrir
2007	68
2017	308

6. *Hver er fjöldi starfandi leiðsögumanna á Íslandi núna, hver var fjöldinn fyrir 10 árum og fyrir 20 árum?*

Samkvæmt upplýsingum frá Félagi leiðsögumanna eru skráðir félagar nú um 1.300–1.400. Samkvæmt mati félagsins er áætlað að annar eins hópur sé starfandi, jafnvel fleiri. Ekki liggur fyrir opinber skráning á fjölda starfandi leiðsögumanna á Íslandi.

7. *Hver er fjöldi menntaðra leiðsögumanna á Íslandi núna, hver var fjöldinn fyrir 10 árum og fyrir 20 árum?*

Samkæmt skrá á vef Félags leiðsögumanna eru fagmenntaðir leiðsögumenn nú 893 talsins. Samkvæmt upplýsingum frá Endurmenntun Háskóla Íslands hafa 217 einstaklingar útskrifast úr leiðsögunámi þar frá því að námið hóf göngu sína árið 2008. Samkvæmt upplýsingum frá Leiðsöguskólanum í Menntaskólanum í Kópavogi var fjöldi útskrifaðra nemanda, þ.e. þeirra sem lokið hafa leiðsögunámi, eftirfarandi:

Ár	Fjöldi
1997	489
2007	847
2017	1312

Leiðsöguskólinn hóf starfsemi 1976 og útskrifaði fyrstu nemendurna árið 1977.

Ekki liggur fyrir opinber skráning á fjölda menntaðra leiðsögumanna hér á landi.

8. *Hver er fjöldi ferðamanna á Íslandi núna, hver var fjöldinn fyrir 10 árum og fyrir 20 árum?*

Ár	Fjöldi
1996	200.835
2006	422.208
2016	1.792.201

9. *Hver hefur mismunurinn verið á áætluðum fjölda ferðamanna til landsins og raunverulegum fjölda síðastliðin ár? Svar óskast sundurliðað fyrir ár hvert tímabilið 2012–2016.*

Undanfarin ár hefur Isavia undir lok hvers árs gefið út farþegaspá fyrir komandi ár sem byggist á gögnum frá flugfélögum um áætlað sætaframboð og ákveðna sætanýtingu. Þær spár hafa að mestu gengið eftir. Farþegafjöldinn 2015 var þó um 7% meiri en spáð hafði verið og

um 1% meiri árið 2016. Í ár spáir Isavia því að brottfarir og komur til landins verði um 2,8 milljónir og þar af verði hlutur Íslendinga um 560 þúsund.

Aðrar opinberar spár um fjölda ferðamanna liggja ekki fyrir. Greiningardeildir banka hafa hins vegar gefið út skýrslur um ferðaþjónustu síðustu ár og sett þar fram slíkar spár, sbr. eftirfarandi töflu.

Ár	Raunfjöldi ferðamanna	Spá Arionbanka árið 2013	Spá Arionbanka árið 2014	Spá Landsbankans árið 2014	Spá Íslandsbanka árið 2015	Spá Arionbanka árið 2015	Spá Íslandsbanka árið 2017
2013	807.349	747.000					
2014	998.600	809.000	960.000	953.000			
2015	1.289.100	876.000	1.100.000	1.100.000	1.200.2000		
2016	1.792.201		1.250.000	1.200.00		1.500.000	
2017			1.300.000			2.600.000	2.300.000
2018						3.000.000	